



Umsögn

miðstjórnar ASÍ um tillögu Eflingar stéttarfélags til breytinga á 4.mgr. 49.gr. laga ASÍ.

Samkvæmt upphaflegri fyrirmynd að reglugerðum sjúkrasjóða aðildarsamtaka ASÍ var gert ráð fyrir sérstöku ákvæði þar sem réttur gat stofnast til útfararstyrks vegna látinna félagsmanna. Þau ákvæði voru felld niður og teknar upp dánarbætur þess í stað. Tilgangurinn var eftir sem áður hinn sami, þ.e. að létta undir með eftirlifendum við greiðslu útfararkostnaðar. Sá kostnaður fylgir þróun á vísitölu neysluverðs meðan dagpeningagreiðslur skv. a,b og c. lið 4.mgr. 49.gr. eiga eðlilega að fylgja þróun launa. Miðstjórn ASÍ mælir því með því að lagabreytingartillaga þessi verði samþykkt.

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is